

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 20. júní 1990

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi vogarbúnað sem er ekki sjálfvirkur**(90/384/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Aðildarríkjunum ber að vernda almenning fyrir röngum niðurstöðum vigtunar með vogarbúnaði sem er ekki sjálfvirkur þegar hann er notaður á tilteknum sviðum.

Í hverju aðildarríki eru lögboðin ákvæði, þar sem eru settar nauðsynlegar kröfur um nothæfi vogarbúnaðar sem er ekki sjálfvirkur með því að tilgreina mælifræðilegar og tæknilegar kröfur, svo og skoðunaraðferðir fyrir og eftir að búnaður er tekinn í notkun. Þessi lögbundnu ákvæði hafa ekki nauðsynlega í för með sér mismikla vernd frá einu aðildarríki til annars en mismikil milli þeirra hindrar þau viðskipti innan bandalagsins.

Samræma verður verndunarákvæði landslaga til að tryggja frjálsa flutninga á vogarbúnaði sem er ekki sjálfvirkur og koma á viðunandi vernd í bandalaginu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 55, 4. 3. 1989, bls. 6. og Stjtið. EB nr. C 297, 25. 11. 1989, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 158, 26. 6. 1989, bls. 221 og Stjtið. EB nr. C 149, 18. 6. 1990.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 194, 31. 7. 1989, bls. 1.

Þrátt fyrir reglur um frjálsa vöruflutninga, sem eru meðal grundvallarreglna bandalagsins, kveður gildandi löggjöf bandalagsins á um að viðurkenna verði hindranir á frjáls-um flutningi innan bandalagsins sem stafa af mismæmi í landslögum um notkun framleiðsluvara, svo framarlega sem ákvæði þessara laga teljast nauðsynleg til að tryggja að umræddar framleiðsluvörur standist grundvallarkröfur. Því verður samræming laga í slíkum tilvikum að vera bundin við ákvæði sem nauðsynleg eru til að tryggja að vogarbúnaður sem er ekki sjálfvirkur uppfylli mælifræðilegar grundvallarkröfur og grundvallarkröfur um nothæfi. Þar sem um grundvallarkröfur er að ræða skulu þær koma í stað samsvarandi ákvæða í landslögum.

Tilskipun þessi fjallar því eingöngu um lögboðnar grundvallarkröfur. Til að auðveldara sé að færa sönnur á samræmi við þessar grundvallarkröfur er nauðsynlegt að til séu samhæðir Evrópustaðlar, einkum að því er varðar hönnun, smíði og mælifræðilega eiginleika, þannig að mælitæki sem er í samræmi við þá geti talist uppfylla grundvallarkröfur. Samhæðir staðlar fyrir Evrópu eru samdir af einkaaðilum og verða því áfram að vera frávíkjanlegir. Í þessu skyni eru Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) viðurkennd sem þar til bærar stofnanir að samþykkja samhæfða staðla í samræmi við almennu viðmiðunarreglurnar um samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og þessara tveggja stofnana sem voru undirritaðar þann 13. nóvember 1984. Í skilningi þessarar tilskipunar er samhæður staðall tækniforskrift (Evrópustaðall eða samhæfingarskjal) sem er samþykkt af öðrum eða báðum þess-

um stofnunum á grundvelli heimildar framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt ákvæðum tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983, sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipuninni 88/182/EBE ⁽²⁾, og framangreindra almennra viðmiðunarreglna.

Nauðsynlegt er að meta samræmi við viðkomandi ákvæði um mælifræðilegar og tæknilegar kröfur til að vernda notendur og þriðju aðila sem best. Núverandi aðferðir við samræmismat eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Til að komast hjá endurteknu samræmismati, sem er í reynd hindrun á frjálsum flutningum á tækjum, er rétt að aðildarríkin taki upp gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati. Til að auðvelda þessa gagnkvæmu viðurkenningu er æskilegt að taka upp samhæfðar bandalagsaðferðir, ásamt því að samræma skilyrði fyrir tilnefningu aðila sem bera ábyrgð á því að framkvæma verkefni er lúta að samræmismatinu.

Því er nauðsynlegt að ganga úr skugga um að slíkir tilkynntir aðilar tryggji hátt gæðastig hvarvetna innan bandalagsins.

EB-samræmismarki eða límmiði með stafnum „M“ á vogarbúnaði sem er ekki sjálfvirkur gefur til kynna að ganga megi út frá að hann uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar og því sé óþarft að endurtaka samræmismat sem þegar hefur farið fram.

Ráðstöfunum sem miða að því að innri markaði verði komið á skal lokið 31. desember 1992. Innri markaðurinn er svæði án innri landamæra þar sem tryggðir eru frjálsir fólksflutningar, frjálsir vöruflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

Gildissvið, markaðssetning og frjálsir flutningar

1. gr.

1. Vogarbúnaður telst vera sá búnaður sem þjónar þeim tilgangi að ákvarða gildi fyrir massa efnis með því að nota þyngdaraflið sem orkar á efnið. Vogarbúnaður kann einnig að vera notaður til að ákvarða annað sem tengist massa, svo sem stærð, magn, færribreytur eða eiginleika.

Vogarbúnaður sem er ekki sjálfvirkur er vogarbúnaður sem stjórnandi þarf að hafa afskipti af meðan á vigtun stendur.

Þessi tilskipun tekur til alls vogarbúnaðar sem er ekki sjálfvirkur og nefnist hér eftir „vogir“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75.

2. Í þessari tilskipun er gerður munur á tvenns konar notkun voga:

- a) 1. ákvörðun massa fyrir verslunarviðskipti;
2. ákvörðun massa fyrir útreikning á tollum, vöru-gjöldum, skatti, kaupauka eða ágóðahlut, févítí, þóknun, bótum eða greiðslum af slíkum toga;
3. ákvörðun massa fyrir beitingu laga eða reglugerða; álit sérfræðinga í dómsmálum;
4. ákvörðun massa í læknisstörfum við vigtun sjúklinga vegna eftirlits með heilbrigði, vegna sjúkdómsgreiningar og læknismeðferðar;
5. ákvörðun massa vegna lyfjagerðar eftir tilvísun í lyfjabúð og ákvörðun massa vegna greiningar á rannsóknarstofum fyrir lækni- og lyfjafræði;
6. ákvörðun verðs á grunni massa vegna beinnar sölu til almennings og vegna gerðar forpakkaðrar vöru;

b) önnur beiting en sú sem talin er upp í a-lið 2. mgr. í þessari grein.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vogir séu ekki settar á markað nema þær standist viðkomandi kröfur sem fram koma í þessari tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vogir séu ekki teknar í þá notkun sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. nema þær standist viðkomandi kröfur sem fram koma í þessari tilskipun.

3. gr.

Vogir sem hafðar eru til þeirra nota sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. skulu standast grundvallarkröfur sem fram koma í I. viðauka.

Nú eru vogir tengdar við tæki sem ekki eru notuð til þess sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. og þurfa þau tæki þá ekki að standast grundvallarkröfurnar.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu ekki standa í vegi fyrir að vogir sem standast viðkomandi kröfur þessarar tilskipunar séu settar á markað á yfirráðasvæði þeirra.

2. Aðildarríkin skulu ekki standa í vegi fyrir að vogir sem standast viðkomandi kröfur þessarar tilskipunar séu teknar í þá notkun sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu ganga út frá því að vogir sem eru í samræmi við viðkomandi innlenda staðla sem endurspeglja samhæfða staðla er standast lágmarkskröfurnar sem um getur í 3. gr. séu í samræmi við þær grundvallarkröfur sem um getur í 3. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta tilvísanir í samhæfðu staðlana sem um getur í 1. mgr. í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalagsins*.

Aðildarríkin skulu birta tilvísanir í innlenda staðla sem um getur í 1. mgr.

6. gr.

Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin lítur svo á að samhæfðu staðlarnir sem um getur í 1. mgr. 5. gr. uppfylli ekki að fullu grundvallarkröfurnar sem um getur í 3. gr. skal framkvæmdastjórnin, eða hlutaðeigandi aðildarríki, vísa málinu ásamt rökstuðningi til fastanefndarinnar sem sett er á stofn í samræmi við tilskipun 83/189/EBE og nefnist hér á eftir „nefndin“. Nefndin skal skila álitu án tafar.

Að teknu tilliti til álits nefndarinnar tilkynnir framkvæmdastjórnin aðildarríkjunum hvort nauðsynlegt sé að afturkalla þessa staðla frá birtingunni sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

7. gr.

1. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu að vogir með EB-samræmismerkið sem um getur í þáttum 2, 3 og 4 í II. viðauka standist ekki kröfur þessarar tilskipunar, þótt þær séu rétt settar upp og hafðar til þeirra nota sem ráð er fyrir gert, skal það gera allar viðeigandi ráðstafanir til að taka þessar vogir af markaðinum eða banna eða takmarka að þær séu teknar í notkun og/eða settar á markað.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir og tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni, einkum hvort ósamræmið sé:

- vegna þess að grundvallarkröfunum sem um getur í 3. gr. er ekki fullnægt þegar vogirnar uppfylla ekki staðlana sem um getur í 1. mgr. 5. gr.;
- vegna þess að stöðlunum sem um getur í 1. mgr. 5. gr. sé ekki beitt á réttan hátt;

c) vegna ágalla í sjálfum stöðlunum sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við viðkomandi aðila svo fljótt sem unnt er.

Að höfðu slíku samráði skal framkvæmdastjórnin þegar tilkynna aðildarríkinu, sem hafði frumkvæðið, um niðurstöðuna. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar eigi rétt á sér skal hún þegar í stað tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

Ef ákvörðunin er rakin til ágalla í stöðlunum og aðildarríkið sem gert hefur viðkomandi ráðstafanir vill halda þeim áfram skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við viðkomandi aðila, leggja málið fyrir nefndina innan tveggja mánaða og hefja þá málsmeðferð sem um getur í 6. gr.

3. Ef vog sem stenst ekki kröfur ber EB-samræmismerkið skal hlutaðeigandi aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir gegn þeim sem hefur fest merkið á og skal tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum.

4. Framkvæmdastjórnin skal ganga úr skugga um að aðildarríkin fái vitneskju um framvindu og niðurstöður þessarar málsmeðferðar.

II. KAFLI

Samræmismat

8. gr.

1. Votta má að vogir séu í samræmi við grundvallarkröfur sem koma fram í I. viðauka samkvæmt annarri af eftirfarandi málsmeðferðum, eftir því sem umsækjandi kýs:

- með EB-gerðarprófun eins og um getur í 1. lið II. viðauka og síðan með EB-yfirlýsingu um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) eins og um getur í 2. lið II. viðauka eða EB-sannprófun eins og um getur í 3. lið II. viðauka

EB-gerðarprófun er þó ekki lögboðin ef um er að ræða vogir sem hafa ekki rafeindabúnað og þar sem ekki er notuð fjöður í álagsskynjara til að koma hleðslu í jafnvægisstöðu;

- með EB-einingarsannprófun eins og um getur í 4. lið II. viðauka.

2. Skjöl og bréf sem tengjast tilhöguninni sem um getur í 1. mgr. skulu gerð á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem málsmeðferðin á sér stað eða á tungumáli sem þar til bær aðili hefur viðurkennt.

3. Nú taka aðrar tilskipanir bandalagsins um önnur svið til tiltekinna voga og skal þá sjást á EB-merkinu sem um getur í 10. gr. að vogirnar standist einnig kröfur þeirra tilskipana.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þá aðila sem þau hafa tilnefnt til að sinna verkefnum sem lúta að tilhöguninni sem um getur í 8. gr., um þau verkefni sem hver aðili á að sinna og um auðkenni hinna tilkynntu aðila.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir þessa aðila í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* til upplýsingar, ásamt þeim verkefnum sem þeir eiga að sinna og sjá til þess að skráin sé uppfærð.

2. Aðildarríkin skulu beita lágmarksskilyrðunum sem mælt er fyrir um í V. viðauka þegar aðilar eru tilnefndir. Líta skal svo á að aðilar sem uppfylla skilyrði ákveðin með viðkomandi samhæfðum stöðlum uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í V. viðauka.

3. Aðildarríki sem hefur tilnefnt aðila skal draga tilnefninguna til baka ef aðilinn telst ekki lengur uppfylla skilyrðin sem um getur í 2. mgr. Það skal án tafar tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum og afturkalla tilkynninguna.

III. KAFLI

EB-samræmismarki og áletranir

10. gr.

1. EB-samræmismarkið og aðrar upplýsingar sem lýst er í 1. lið IV. viðauka skal festa greinilega, læsilega og óafmáanlega á vogir þar sem EB-samræmi hefur verið staðfest.

2. Áletranirnar sem um getur í 2. lið IV. viðauka skal festa greinilega, læsilega og óafmáanlega á allar aðrar vogir.

3. Óheimilt er að festa á vogir merki sem ástæða er til að ætla að verði ruglað saman við EB-samræmismarkið.

11. gr.

Sannist að EB-samræmismarkið hafi ranglega verið fest á vog:

- sem er ekki í samræmi við gildandi staðla sem um getur í 1. mgr. 5. gr., hafi framleiðandi kosið að framleiða vogir eftir þeim stöðlum,
- sem er ekki í samræmi við samþykktu gerðina,
- sem er í samræmi við samþykktu gerð er uppfyllir ekki viðkomandi grundvallarkröfur,

— þar sem framleiðandinn hefur ekki innt af hendi skyldur sem hann tók á sig með EB-yfirlýsingu um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu),

skal lögbær, tilkynntur aðili afturkalla EB-gerðarviðurkenninguna og/eða viðurkenninguna á gæðakerfinu, ef þörf krefur. Ef EB-gerðarviðurkenningin er afturkölluð er óheimilt að leggja fram vog til EB-frumsannprófunar og EB-yfirlýsingar um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu).

12. gr.

Þegar vog, sem notuð er í þeim tilgangi sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., hefur eða er tengd við tæki, sem hafa ekki fengið samræmismat eins um getur í 8. gr., skal hvert þessara tækja bera tákn þar sem fram komi takmarkanir á notkun þess eins og tilgreint er í 3. lið IV. viðauka. Tákníð skal fest á tækin þar sem það er greinilegt og óafmáanlegt.

IV. KAFLI

Lokaákvæði

13. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vogir með EB-merki um samræmi við kröfur þessarar tilskipunar uppfylli þessar kröfur áfram.

14. gr.

Færa skal haldgóð rök fyrir öllum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þessarar tilskipunar og hafa í för með sér takmarkanir á að vog sé tekin í notkun. Ákvörðunin skal án tafar tilkynnt hlutaðeigandi aðila og honum um leið kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki og sá frestur sem hann hefur til þess.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta lög þau og stjórnslufluyfirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 1992. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 1993.

3. Aðildarríkin skulu þó, þrátt fyrir 2. mgr., heimila, í 10 ár frá deginum sem farið er að beita ákvæðunum sem um getur í 1. mgr., að vogir sem eru í samræmi við þær reglur

er í gildi voru fyrir þann dag séu settar á markað og/eða teknar í notkun.

16. gr.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 20. júní 1990.

5. Tilskipun 73/360/EBE fellur úr gildi frá 1. janúar 1993 nema að því er varðar beitingu 3. mgr.

Fyrir hönd ráðsins,

D. J. O'MALLEY

forseti.

I. VIDAUKI

Grundvallarkröfurnar sem vogirnar, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., verða að standast koma fram hér að aftan. Íðorðin sem notuð eru koma frá Alþjóðalögmælifráðstofnuninni.

Inngangsorð

Þegar vog hefur eða er tengd við fleiri en einn álestrar- eða prentbúnað, sem notaður er í þeim tilgangi sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., þarf búnaður af þessu tagi, sem sýnir aðeins niðurstöður vigtunar og getur ekki haft áhrif á að vogin verki á réttan hátt, ekki að standast grundvallarkröfurnar, að því tilskildu að niðurstöður vigtunar séu prentaðar og skráðar á réttan hátt og óafmáanlega með hluta vogarinnar sem stenst grundvallarkröfurnar og að niðurstöðurnar séu aðgengilegar fyrir báða hlutaðeigandi aðila. Þegar um er að ræða vogir sem notaðar eru við beina sölu til almennings verður álestrar- og prentbúnaður fyrir seljanda og kaupanda þó að standast grundvallarkröfurnar.

MÆLIFRÆÐILEGAR KRÖFUR1. **Einingar massa**

Einingar massa sem nota á skulu vera löglegar einingar í skilningi tilskipunar 80/181/EBE ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 85/1/EBE ⁽²⁾.

Með fyrirvara um að þessu skilyrði sé fullnægt, eru eftirfarandi einingar heimilaðar:

- einingar í metrakerfi: kílógramm, míkrógramm, millígramm, gramm, tonn,
- breskar einingar: *pound, ounce (avoirdupois), Troy ounce,*
- aðrar einingar sem ekki tilheyra metrakerfinu: metrakarat við vigtun eðalsteina.

Fyrir vogir sem eru gerðar fyrir breskar einingar fyrir massa sem um getur hér á undan skal umreikna grundvallarkröfurnar sem tilgreindar eru hér að aftan með einfaldri brúun.

2. **Nákvæmnisflokkar**

2.1. Skilgreindir hafa verið eftirfarandi flokkar:

- I sérstök nákvæmni
- II mikil nákvæmni
- III millinákvæmni
- IV venjuleg nákvæmni

Skilgreiningar fyrir þessa flokka eru í töflu 1.

TAFLA 1

Nákvæmnisflokkar

Flokkur	Skerðingargildi (e)	Lágmarksþyngd (Min)	Fjöldi skerðingargilda $n = \frac{\text{Max}}{e}$	
		lágmarks-gildi	lágmarks-gildi	hámarks-gildi
I	$0,001 \text{ g} \leq e$	100 e	50 000	—
II	$0,001 \text{ g} \leq e \leq 0,005 \text{ g}$	20 e	100	100 000
	$0,1 \text{ g} \leq e$	50 e	5 000	100 000
III	$0,1 \text{ g} \leq e \leq 2 \text{ g}$	20 e	100	10 000
	$5 \text{ g} \leq e$	20 e	500	10 000
IV	$5 \text{ g} \leq e$	10 e	100	1 000

Lágmarksþyngd minnkar í 5e fyrir vogir í flokki II og III sem notaðar eru til að ákvarða flutningsgjöld.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 39, 15. 12. 1980, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 2, 3. 1. 1985, bls. 11.

2.2. *Deilingargildi*

2.2.1. Raunverulegt deilingargildi (d) og skerðingargildi (e) skal sýna með þessum hætti:

$$1 \times 10^k, 2 \times 10^k \text{ eða } 5 \times 10^k \text{ einingar massa,}$$

þar sem k er heil tala eða núll.

2.2.2. Fyrir aðrar vogir en þær sem hafa viðbótarálestrartæki:

$$d = e.$$

2.2.3. Fyrir vogir sem hafa viðbótarálestrartæki gildir eftirfarandi:

$$e = 1 \times 10^k \text{ g}$$

$$d < e \leq 10 d$$

nema fyrir vogir í I. flokki með $d < 10^{-4}$ g og $e = 10^{-3}$ g.3. **Flokkun**3.1. *Vogir með eitt vigtunarsvið*

Vogir sem hafa viðbótarálestrartæki skulu tilheyra I. eða II. flokki. Lægri mörk lágmarksgetu fyrir þessar vogir fást úr töflu 1 með því að setja raunverulegt deilingargildi (d) í stað skerðingargildis (e) í 3. dálki.

Ef $d < 10^{-4}$ g má hámarksgeta í I. flokki vera minni en 50 000 e.3.2. *Vogir með fleiri en eitt vigtunarsvið*

Heimilt er að hafa fleiri en eitt vigtunarsvið á vogum að því tilskildu að það komi skýrt fram á þeim. Hvert vigtunarsvið er flokkað í samræmi við lið 3.1. Nú falla vigtunarsviðin undir mismunandi nákvæmnisflokka og skal þá vegin standast ströngustu kröfur sem gilda um þá nákvæmnisflokka sem vigtunarsviðin tilheyra.

3.3. *Vogir með margskipt vigtunarsvið*

3.3.1. Heimilt er að hafa fleiri en eitt skipt vigtunarsvið (margskipt vigtunarsvið) á vogum með eitt vigtunarsvið.

Vogir með margskiptu vigtunarsviði skulu ekki hafa viðbótarálestrartæki.

3.3.2. Sérhvert skipt vigtunarsvið á vogum með margskiptu vigtunarsviði er skilgreint af:

— skerðingargildi þess e_i	með $e_{(i+1)} < e_i$
— hámarksgetu þess (Max_i)	með $\text{Max}_r = \text{Max}$
— lágmarksgetu þess (Min_i)	með $\text{Min}_i = \text{Max}_{(i-1)}$ og $\text{Min}_1 = \text{Min}$

þar sem:

$$i = 1, 2, \dots, r,$$

i = númer skipts vigtunarsviðs,

r = heildarfjöldi skiptra vigtunarsviða.

Í öllum tilvikum er getan miðuð við nettóhleðslu, án þess að tillit sé tekið til hugsanlegra tögugilda.

3.3.3. Skipt vigtunarsvið eru flokkuð eftir töflu 2. Öll skipt vigtunarsvið á einni vog falla undir sama nákvæmnisflokk og vegin sjálf.

TAFLA 2

Vogir með margskiptu vigtunarsviði

$i = 1, 2, \dots, r$

$i =$ númer skipts vigtunarsviðs

$r =$ heildarfjöldi skiptra vigtunarsviða

Flokkur	Skerðingargildi (e)	Lágmarksgeta (Min)	Fjöldi skerðingargilda	
		Lágmarks-gildi	Lágmarks-gildi ⁽¹⁾ $n = \frac{\text{Max}_i}{e_{i+1}}$	Hámarks-gildi $n = \frac{\text{Max}_i}{e_i}$
I	$0,001 \text{ g} \leq e_i$	$100 e_i$	50 000	—
II	$0,001 \text{ g} \leq e_i \leq 0,05 \text{ g}$	$20 e_i$	5 000	100 000
	$0,1 \text{ g} \leq e_i$	$50 e_i$	5 000	100 000
III	$0,1 \text{ g} \leq e_i$	$20 e_i$	100	10 000
IV	$5 \text{ g} \leq e_i$	$10 e_i$	50	1 000

⁽¹⁾ Fyrir $i = r$ gildir samsvarandi dálkur úr töflu 1, þar sem e_r kemur í stað e.

4. Nákvæmni

- 4.1. Þegar beitt er málsmeðferð þeirri sem um getur í 8. gr. skal frávik í álestri ekki vera meira en heimilað hámarksfrávik sem sýnt er í töflu 3. Ef um stafrænan álestur er að ræða skal leiðrétta frávik sem stafar af skekkju við að niðurstaða er rúnuð í næstu heilu tölu.

Heimiluð hámarksfrávik gilda um gildi nettöþyngdar og töru, að frátöldum fyrirframstilltum tölugildum.

TAFLA 3

Heimiluð hámarksfrávik

Hleðsla				Heimilað hámarksfrávik
Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III	Flokkur IV	
$0 \leq m \leq 50\,000 \text{ e}$	$0 \leq m \leq 5\,000 \text{ e}$	$0 \leq m \leq 500 \text{ e}$	$0 \leq m \leq 50 \text{ e}$	$\pm 0,5 \text{ e}$
$50\,000 \text{ e} < m \leq 200\,000 \text{ e}$	$5\,000 \text{ e} < m \leq 20\,000 \text{ e}$	$500 \text{ e} < m \leq 2\,000 \text{ e}$	$50 \text{ e} < m \leq 200 \text{ e}$	$\pm 1,0 \text{ e}$
$200\,000 \text{ e} < m$	$20\,000 \text{ e} < m \leq 100\,000 \text{ e}$	$2\,000 \text{ e} < m \leq 10\,000 \text{ e}$	$200 \text{ e} < m \leq 1\,000 \text{ e}$	$\pm 1,5 \text{ e}$

- 4.2. Heimiluð hámarksfrávik við notkun eru tvöföld þau heimiluðu hámarksfrávik sem fastsett eru í lið 4.1.
5. Unnt skal vera að endurtaka vigtanir vogar og fá sömu niðurstöðu þótt notuð séu önnur álestrartæki og aðferðir við að ná jafnvægisstöðu.
Vigtunarniðurstöður skulu vera óháðar stöðu hleðslunnar á álagshlutanum svo nægilegt teljist.
6. Vog skal vera næm á litlar hleðslubreytingar.
7. **Áhrifsbreytur og tími**
- 7.1. Vogir í II., III. og IV. flokki, sem líklegt er að verði notaðar í hallandi stöðu, skulu vera ónæmar, svo nægilegt teljist, fyrir þeim halla sem orðið getur þegar vog er sett upp á eðlilegan hátt.

- 7.2. Vogirnar skulu standast mælifræðilegar kröfur innan þeirra hitamarka sem framleiðandi tilgreinir. Gildi þessara marka skal að minnsta kosti vera jafnt:
- 5 °C fyrir vog í I. flokki,
 - 15 °C fyrir vog í II. flokki,
 - 30 °C fyrir vog í III. eða IIII. flokki.
- Ef framleiðandi hefur ekki tilgreint hitamörk, gilda hitamörkin –10 °C til +40 °C.
- 7.3. Vogir sem knúnar eru með raforku frá orkuveitukerfi skulu standast mælifræðilegar kröfur við skilyrði við aðföng raforku sem eru innan eðlilegra fráviksmarka.
- Vogir sem knúnar eru með raforku frá rafhlöðum skulu gefa til kynna þegar spennan fer niður fyrir það lágmarksgildi sem krafist er og annaðhvort starfa áfram á réttan hátt þegar það gerist eða stöðvast sjálfkrafa.
- 7.4. Rafknúnar vogir, að undanskildum vogum í I. og II. flokki þar sem e er minna en 1 g, skulu standast mælifræðilegar kröfur við efri hitamörk þótt hlutfallslegur raki sé mikill.
- 7.5. Nú stendur hleðsla á vog í II., III. eða IV. flokki í langan tíma og skal það hafa hverfandi áhrif á álestur vogarinnar á meðan hleðslan er á, sem og á núllstillingu jafnskjótt og hleðslan hefur verið tekin af.
- 7.6. Við annars konar skilyrði skulu vogir ýmist starfa á réttan hátt eða stöðvast sjálfkrafa.

HÖNNUN OG SMÍÐI

8. Almennar kröfur

- 8.1. Hönnun og smíði voganna skal vera á þann veg að þær haldi mælifræðilegum eiginleikum sínum ef þær eru settar upp og notaðar á réttan hátt, í því umhverfi sem þær eru ætlaðar fyrir. Skyld er að sýna gildi massans.
- 8.2. Rafeindavogir skulu ekki sýna merki um alvarlega bilun þótt þær verði fyrir truflun eða skulu, að öðrum kosti, geta greint bilanir á sjálfvirkan hátt og gefið það til kynna.
- Ef alvarleg villa greinist á sjálfvirkan hátt í rafeindavog skal viðvörðun um það heyrast eða sjást og skal viðvörðunin halda áfram þar til notandi lagfærir bilunina eða hún hverfur.
- 8.3. Vogir skulu standast kröfurnar í liðum 8.1 og 8.2 í þann tíma sem talinn er eðlilegur miðað við þá notkun sem þær eru ætlaðar fyrir.
- Á stafrænum rafeindavogum skal ætíð vera nægileg stjórn á að mæliferlið sé rétt og að álestrarbúnaður vinni rétt, svo og á allri geymslu og flutningi gagna.
- Ef alvarleg villa vegna slits greinist á sjálfvirkan hátt í rafeindavog skal viðvörðun um það heyrast eða sjást og skal viðvörðunin vara þar til notandi lagar bilunina eða hún hverfur.
- 8.4. Nú er utanaðkomandi búnaður tengdur við rafeindavog með viðeigandi tengibúnaði og skal það ekki hafa áhrif á mælifræðilega eiginleika vogarinnar.
- 8.5. Vogir skulu ekki hafa neina þá eiginleika sem auðveldi svíksamleg not og möguleikar á misnotkun af vangá skulu vera svo litlir sem vera má. Íhlutar sem notanda er óheimilt að fjarlægja eða stilla skulu tryggðir gegn slíku.
- 8.6. Hanna skal vogir á þann veg að eftirlit það sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun megi framkvæma á fljótleган hátt.
9. **Álestur vigtunarniðurstaðna og annarra vigtunargilda**
- Álestur vigtunarniðurstaðna og annarra vigtunargilda skal vera nákvæmur, ótvíræður og ekki villandi og álestrartækið skal leyfa auðveldan álestur við eðlileg notkunarskilyrði.
- Heiti og tákningarnar sem um getur í 1. lið í viðauka þessum skulu vera í samræmi við ákvæði tilskipunar 80/181/EBE ⁽¹⁾, að viðbættu tákningu fyrir metrakarat sem er táknið „ct“.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 33, 15. 2. 1980, bls 39.

Álestur skal ekki vera mögulegur yfir hámarksgetu (Max), að viðbættum 9 e.

Einungis er heimilt að nota viðbótarálestrarbúnað hægra megin við tugabrotskommu. Einungis er heimilt að nota búnað til að víkka út svið álestrar tímabundið og ekki skal vera hægt að prenta á meðan hann starfar.

Sýna má aukaálestra að því tilskildu að ekki sé unnt að rugla þeim saman við aðalálestra.

10. **Prentun vigtunarniðurstaðna og annarra vigtunargilda**

Prentaðar niðurstöður skulu vera réttar, auðþekktanlegar og ótvíræðar. Prentunin skal vera skýr, læsileg, óafmáanleg og endingargóð.

11. **Hallastilling**

Á vogum skal vera, ef við á, búnaður til hallastillingar og hallamál sem sé nægilega næmt til að hægt sé að setja vogina upp á réttan hátt.

12. **Núllstilling**

Heimilt er að hafa núllstillingarbúnað á vogum. Notkun slíks búnaðar skal leiða til nákvæmrar núllstillingar og skal ekki valda röngum mæliniðurstöðum.

13. **Törubúnaður og fyrirframstilltur törubúnaður**

Á vogum er heimilt að hafa einn törubúnað eða fleiri, svo og fyrirframstilltan törubúnað. Notkun slíks búnaðar skal leiða til nákvæmrar núllstillingar og tryggja rétta vigtun á nettóþyngd. Þá skal notkun fyrirframstillts törubúnaðar tryggja að reiknað nettógildi þyngdar sé rétt ákvarðað.

14. **Vogir sem notaðar eru við beina sölu til almennings er hafa ekki meiri hámarksgetu en 100 kg: viðbótarkröfur**

Á vogum sem notaðar eru til beinnar sölu til almennings skulu allar nauðsynlegar upplýsingar um vigtunina vera sjáanlegar og kaupandi skal sjá greinilega útreikning verðs á þeirri vöru sem keypt er, ef um er ræða vogir sem sýna verð.

Ef hægt er að lesa söluverð af vog skal verðið vera nákvæmt.

Á vogum sem reikna út verð skal nauðsynlegur álestur vara nógu lengi til að kaupandi geti lesið það svo vel sé.

Einungis er heimilt að vogir með verðútreikningi séu notaðar til annars en vigtunar og verðútreiknings stykkjavöru að því tilskildu að allur álestur sem tengist slíku sé prentaður greinilega og ótvírætt á kvittun eða merkimiða fyrir viðskiptavininn.

Vogir skulu ekki hafa neina þá eiginleika sem geta valdið því að túlkun álesturs verði ekki auðveld eða einföld.

Vogir skulu tryggja kaupendur fyrir röngum söluviðskiptum sem eiga rætur að rekja til þess að þær starfa ekki rétt.

EKKI er heimilt að hafa viðbótarálestrartæki og -búnað til að víkka út svið álestrar á þessum vogum.

Einungis er heimilt að hafa aukabúnað á þessum vogum ef hann getur ekki leitt til sviksamlegra nota.

Vogum sem svipar til voga sem venjulega eru notaðar við beina sölu til almennings en uppfylla ekki kröfur þessa liðar skulu hafa, nærri álestrarstað, eftirfarandi óafmáanlega áletrun: „EKKI ætluð til notkunar við beina sölu til almennings“.

15. **Vogir sem prenta verðmerkimiða**

Vogir sem prenta verðmerkimiða skulu standast kröfur um vogir sem sýna verð og notaðar eru við beina sölu til almennings, svo fremi þær eigi við viðkomandi vog. Prentun á verðmerkimiða skal ekki vera möguleg fyrir magn undir lágmarksgetu.

II. VIÐAUKI

1. **EB-gerðarprófun**

- 1.1. EB-gerðarprófun er málsmeðferð þar sem tilkynntur aðili sannprófar og vottar að dæmigerð vog fyrir fyrirhugaða framleiðslu standist viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.
- 1.2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan bandalagsins skal leggja fram umsókn um gerðarprófun til eins tilkynnts aðila.

Umsóknin skal innihalda:

- nafn og heimilisfang framleiðanda og, ef umsóknin er lögð fram af viðurkennda fulltrúanum, nafn hans og heimilisfang að auki,
- skriflega yfirlýsingu um að umsóknin hafi ekki verið lögð fram til annars tilkynnts aðila,
- hönnunarlýsingu eins og lýst er í III. viðauka.

Umsækjandi skal láta tilkynnta aðilanum í té dæmigerða vog fyrir fyrirhugaða framleiðslu, sem nefnist hér eftir „gerð“.

1.3. Tilkynnti aðilinn skal:

- 1.3.1. athuga hönnunarlýsinguna og ganga úr skugga um að gerðin hafi verið framleidd samkvæmt lýsingunni;
- 1.3.2. sammælast við umsækjanda um hvar rannsóknir og/eða prófanir eigi að fara fram;
- 1.3.3. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi rannsóknir og/eða prófanir til að ganga úr skugga um hvort lausnirnar sem framleiðandinn velur séu í samræmi við grundvallarkröfurnar þegar staðlarnir sem um getur í 5. gr hafa ekki verið notaðir;
- 1.3.4. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi rannsóknir og/eða prófanir til að athuga hvort viðkomandi staðlar hafi verið notaðir í reynd, þegar framleiðandinn hefur valið að nota þá, svo að samræmi við grundvallarkröfurnar sé tryggt.
- 1.4. Þegar gerðin uppfyllir ákvæði þessarar tilskipunar skal tilkynnti aðilinn gefa út EB-gerðarviðurkenningarvottorð til umsækjandans. Vottorðið skal innihalda niðurstöður rannsóknarinnar, skilyrði, ef einhver eru, fyrir gildistöku þess og nauðsynleg gögn sem sýna viðurkennda gerðina og, þegar þörf krefur, lýsingu á starfsemi hennar. Tæknileg atriði svo sem teikningar og myndir skulu fylgja í viðauka með EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu.

Vottorðið skal gilda í 10 ár frá útgáfudegi og það má síðan endurnýja með 10 ára gildistíma í senn.

Nú verða veigamiklar breytingar á hönnun vogar, til dæmis vegna tækninýjunga, og er þá heimilt að takmarka gildistíma vottorðsins við tvö ár með þriggja ára framlengingartímabili.

1.5. Sérhver tilkynntur aðili skal öðru hverju láta öllum aðildarríkjum í té skrá yfir:

- mótteknar umsóknir um EB-gerðarprófun,
- útgefin EB-gerðarviðurkenningarvottorð,
- umsóknir um gerðarviðurkenningarvottorð sem hefur verið hafnað,
- viðbætur og breytingar við áður útgefin gögn.

Enn fremur skal sérhver tilkynntur aðili tilkynna öllum aðildarríkjunum án tafar um afturköllun á EB-gerðarviðurkenningarvottorðum.

Hvert aðildarríkjanna skal láta þeim aðilum sem það hefur tilkynnt í té þessar upplýsingar.

- 1.6. Aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af vottorðunum ásamt viðaukum við þau.
- 1.7. Umsækjandinn skal láta tilkynnta aðilann, sem gaf út EB-gerðarviðurkenningarvottorðið, vita um allar breytingar á viðurkennda gerðinni.

Ef viðurkenndri gerð er breytt skulu breytingarnar öðlast viðurkenningu tilkynnta aðilans, sem gaf út EB-gerðarviðurkenningarvottorðið, ef slíkar breytingar hafa áhrif á samræmi við grundvallarkröfur þessarar tilskipunar eða fyrirskipuð skilyrði um notkun tækisins. Þessi viðurkenning skal gefin í formi viðbótar við upprunalega EB-gerðarviðurkenningarvottorðið.

2. EB-yfirlýsing um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu)

- 2.1. EB-yfirlýsingin um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) er málsmeðferð þar sem framleiðandi, sem uppfyllir skilyrðin í lið 2.2, lýsir því yfir að viðkomandi vogir séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og uppfylli viðeigandi grundvallarkröfur þessarar tilskipunar.

Framleiðandinn skal festa EB-merki á hvert tæki, svo og áletranir eins og kveðið er á um í IV. viðauka.

EB-merkinu skal fylgja auðkenni tilkynnta aðilans sem er ábyrgur fyrir EB-eftirlitinu sem um getur í lið 2.4.

- 2.2. Framleiðandinn skal á fullnægjandi hátt hafa komið á fót gæðakerfi, eins og tilgreint er í lið 2.3, og skal sæta EB-eftirliti eins og kveðið er á um í lið 2.4.

2.3. Gæðakerfi

- 2.3.1. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um viðurkenningu á gæðakerfi sínu til tilkynnts aðila.

Umsóknin skal innihalda:

- skuldbindingu um að rækja þær skyldur sem viðurkennt gæðakerfi hefur í för með sér,
- skuldbindingu um að viðhalda hagkvæmni og virkni viðurkennda gæðakerfisins.

Framleiðandinn skal láta tilkynnta aðilanum í té allar upplýsingar sem máli skipta, einkum gögn um gæðakerfið og hönnunarlýsingu vogarinnar.

- 2.3.2. Gæðakerfið skal tryggja samræmi voganna við gerðina eins og henni er lýst í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og við þær grundvallarkröfur þessarar tilskipunar sem við eiga.

Öll þau atriði, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skulu skráð, skýrt og kerfisbundið, í formi leiðbeininga, reglna og ritaðra fyrirmæla. Í þessari lýsingu á gæðakerfinu skal gera skýra grein fyrir gæðaskipulagi, áætlunum, handbókum og skýrslum.

Þar skal einkum koma fram haldgóð lýsing á:

- gæðamarkmiðum, skipulagningu og stjórnunarábyrgð og áhrifum þessa á gæði framleiðslunnar,
- framleiðsluferli, gæðaeftirliti og aðferðum við gæðatryggingu ásamt þeim kerfisbundnu aðgerðum sem verður beitt,
- rannsóknnum og prófunum sem verða gerðar fyrir, eftir og meðan á framleiðslunni stendur og hve oft þær fara fram,
- aðferðum við eftirlit með gæðum tækisins og skilvirkni gæðakerfisins.

- 2.3.3. Tilkynnti aðilinn skal skoða og meta gæðakerfið til að ákveða hvort það uppfylli kröfurnar í lið 2.3.2. Hann gengur út frá því að samræmis við þessar kröfur sé gætt þegar um er að ræða gæðakerfi sem eru byggð á samhæfðum stöðlum á þessu sviði.

Hann skal tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína og gera hinum tilkynntu aðilunum viðvart um hana. Í tilkynningunni til framleiðandans skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og, komi til höfnunar, rök fyrir þeirri ákvörðun.

- 2.3.4. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal gera tilkynnta aðilanum sem viðurkenndi gæðakerfið kunnugt um allar breytingar á því, til dæmis vegna nýrrar tækni eða nýrra meginreglna um gæði.

2.3.5. Tilkyntur aðili sem afturkallar viðurkenningu á gæðakerfi skal tilkynna það hinum tilkyntu aðilunum.

2.4. *EB-eftirlit*

2.4.1. Tilgangur EB-eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn uppfylli að öllu leyti skyldur sínar vegna viðurkennda gæðakerfisins.

2.4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynta aðilanum aðgang til að skoða framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustaði og láta honum í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- lýsingu á gæðakerfinu,
- hönnunarlýsingu,
- gæðaskráningu, til dæmis skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólks o.s.frv.

Tilkynti aðilinn skal öðru hverju gera úttekt til að ganga úr skugga um að framleiðandinn viðhaldi viðurkennda gæðakerfinu; noti það og skal hann gefa framleiðandanum skýrslu um úttektina.

Tilkynti aðilinn getur einnig komið til framleiðandans án þess að gera boð á undan sér. Í þessum heimsóknum getur tilkynti aðilinn tekið út kerfið, að fullu eða að hluta. Hann skal láta framleiðanda í té skýrslu um heimsóknina og, eftir því sem við á, úttektarskýrslu.

2.4.3. Tilkynti aðilinn skal tryggja að framleiðandinn viðhaldi viðurkennda gæðakerfinu og noti það.

3. **EB-sannprófun**

3.1. EB-sannprófun er málsmeðferð þar sem tilkyntur aðili athugar og vottar að tækin séu, eftir því sem við á, í samræmi við gerðina eins og henni er lýst í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og uppfylli viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar. Tilkynti aðilinn skal festa EB-merki á hverja vog.

3.2. Hver vog skal athuguð og prófanirnar sem eru skilgreindar í viðkomandi stöðlum samkvæmt 5. gr., eða jafngildar prófanir, skulu gerðar til að tryggja að vogin sé í samræmi við grundvallarkröfur þessarar tilskipunar.

3.3. EB-merkinu sem um getur í lið 3.1 hér að framan skal fylgja auðkenni tilkynta aðilans.

3.4. Nú þarf vog ekki að fá EB-gerðarviðurkenningu og skal þá hönnunarlýsing sem um getur í III. viðauka vera aðgengileg tilkynta aðilanum óski hann þess.

4. **EB-einingarsannprófun**

4.1. EB-einingarsannprófun er málsmeðferð þar sem tilkyntur aðili athugar og vottar að vog, hönnuð fyrir tiltekna notkun, sé í samræmi við þær kröfur þessarar tilskipunar sem við hana eiga. Tilkynti aðilinn skal festa EB-merki á hverja vog.

4.2. Vogin skal athuguð og gerðar skulu prófanirnar sem eru skilgreindar í viðkomandi stöðlum samkvæmt 5. gr., eða jafngildar prófanir, til að tryggja að vogin sé í samræmi við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

4.3. EB-merkinu sem um getur í lið 4.1 hér að framan skal fylgja auðkenni tilkynta aðilans.

4.4. Hönnunarlýsing sem um getur í III. viðauka skal vera aðgengileg tilkynta aðilanum.

5. **Sameiginleg ákvæði**

5.1. Heimilt er að EB-yfirlýsing um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu), EB-sannprófun og EB-einingarsannprófun fari fram á vinnusvæði framleiðanda eða á einhverjum öðrum stað, að því tilskildu að ekki þurfi að taka vogina í sundur vegna flutnings, að ekki þurfi að setja vogina saman á notkunarstað, eða annars konar tæknileg uppsetning að eiga sér stað er haft gæti áhrif á starfsemi vogarinnar, og tekið sé tillit til gildis þyngdarafli á notkunarstað eða starfsemi vogar sé ekki háð breytingum á þyngdarafli. Í öllum öðrum tilvikum skal yfirlýsing um gerðarsamræmi og sannprófanir fara fram á notkunarstað vogarinnar.

- 5.2. Nú er starfsemi vogar háð breytingum á þyngdarafli og er þá heimilt að málsmeðferð sem um getur í lið 5.1 fari fram í tveimur áföngum og skal þá seinni áfanginn felast í öllum skoðunum og prófunum þar sem þyngdarafli getur haft áhrif á niðurstöður en sá fyrri felast í öllum öðrum skoðunum og prófunum. Seinni áfanginn skal fara fram á notkunarstað vogarinnar. Hafi aðildarríki ákvarðað þyngdarafllssvæði á yfirráðasvæði sínu jafngildir fullyrðingin „á notkunarstað vogarinnar“ orðunum „á þyngdarafllssvæði notkunarstaðar vogarinnar“.
- 5.3.1. Nú hefur framleiðandi ákveðið að skipta málsmeðferðinni sem um getur í lið 5.2 í tvo áfanga, en umsjón með áföngunum er ekki á hendi eins og sama aðila, og skal þá vog sem hefur gengist undir fyrri áfangann bera auðkenni tilkynnta aðilans sem sá um þann áfanga.
- 5.3.2. Aðilinn sem sá um fyrri áfangann skal gefa út vottorð, fyrir hverja vog, þar sem fram komi nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna vogina og þar sem tilgreindar eru skoðanir og prófanir sem gerðar hafa verið. Aðilinn sem sér um seinni áfanga tilhögunarinnar skal gera þær skoðanir og prófanir sem ekki hafa þegar verið gerðar.
- 5.3.3. Framleiðanda sem ákveður að EB-yfirlýsing um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) skuli vera hluti af fyrri áfanga er heimilt að hafa sama hátt á í seinni áfanga eða að halda áfram í seinni áfanga með EB-sannprófun.
- 5.3.4. Festa skal EB-merkið á vog eftir að seinni áfanga er lokið ásamt auðkenni tilkynnta aðilans sem sá um áfangann.

III. VIÐAUKI

HÖNNUNARLÝSING

Tæknileg lýsing skal gera hönnun, framleiðslu og notkun vörunnar auðskiljanlega og gera kleift að meta hvort farið sé að kröfum þessarar tilskipunar.

Lýsingin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar að svo miklu leyti sem þær eru nauðsynlegar fyrir matið:

- almenna lýsingu á gerðinni,
- heildarhönnun og framleiðsluteikningar, myndir af íhlutum, undireiningum, rafrásam o.s.frv.,
- lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til skilnings á framangreindu, þar með talið notkun vogarinnar,
- skrá yfir staðlana sem um getur í 5. gr. og gilda að öllu eða einhverju leyti og lýsing á þeim lausnum sem eru valdar í því skyni að uppfylla grundvallarkröfurnar þar sem staðlarnir sem um getur í 5. gr. hafa ekki verið notaðir,
- niðurstöður útreikninga sem gerðir voru við hönnun, svo og niðurstöður prófana o.s.frv.,
- prófunarskýrslur,
- EB-gerðarviðurkenningarvottorð og niðurstöður tilheyrandi prófana á vogum sem hafa íhluta sem eru samsvarandi íhlutum í hönnuninni.

IV. VIÐAUKI

1. **Vogir sem þurfa að gangast undir EB-samræmismat**
 - 1.1. Á þessum vogum skulu vera:
 - a) — EB-samræmismerki, þ.e. EB-tákn eins og lýst er í VI. viðauka ásamt tveimur síðustu tölum ártals fyrir árið þegar það var fest á,
 - auðkenni tilkynnta aðilans eða aðilanna sem sá/sáu um EB-efirlit eða EB-sannpröfun.
 Þessi merki og áletranir skulu fest á vogina þannig að þau standi saman svo greinilegt sé;
 - b) grænn ferhyrndur límmiði, 12,5 mm × 12,5 mm að stærð hið minnsta, með hástafnum „M“, prentuðum í svörtum lit;
 - c) eftirfarandi áletranir:
 - númer EB-gerðarviðurkenningarvottorðs, eftir því sem við á,
 - auðkenni framleiðanda eða nafn,
 - nákvæmnisflokkur, ritaður innan í sporöskjulaga feril eða á milli tveggja láréttra lína, sem eru tengdar saman til endanna með tveimur hálfhringjum,
 - hámarksgeta, táknuð með Max ...,
 - lágmarksgeta, táknuð með Min ...,
 - skerðingargildi, táknað með e =,
 svo og, eftir því sem við á:
 - raðnúmer,
 - fyrir vogir sem gerðar eru úr aðskildum en þó tengdum einingum: auðkenni á hverja einingu,
 - deilingargildi ef það er ekki það sama og e, táknað með d = ...,
 - hámarksviðbót vegna töru, táknuð með T = + ...,
 - hámarksfrádráttur vegna töru ef hann er annar en Max, táknaður með T = - ...,
 - deilingargildi fyrir töru ef það er annað en d, táknað með d_T = ...,
 - hámarksöryggishleðsla ef hún er önnur en Max, táknuð með Lim ...,
 - sérstök hitamörk, táknuð með ...°C/ ...°C,
 - hlutfall milli álagshluta og hleðslu.
 - 1.2. Vogirnar skulu útbúnar þannig að auðvelt sé að festa á þær EB-samræmismerki og/eða áletranir. Útbúnaðurinn skal þannig gerður að ekki sé mögulegt að fjarlægja merkið og áletranirnar án þess að eyðileggja hann og þannig að merkið og áletranirnar séu sýnileg þegar vogin er í eðlilegri notkunarstöðu.
 - 1.3. Ef notuð er merkiplata skal vera hægt að innsigla hana nema ekki sé hægt að fjarlægja hana án þess að eyðileggja hana. Ef unnt er að innsigla plötuna skal vera hægt að setja á hana eftirlitsmerki.
 - 1.4. Áletranirnar Max, Min, e og d skulu sýndar nærri þeim stað sem niðurstöður birtast, séu þær ekki þar fyrir.
 - 1.5. Á álagsskynjara sem er tengdur, eða hægt er að tengja við einn eða fleiri álagshluta, skulu vera viðeigandi áletranir um álagshlutana.
2. **Aðrar vogir**

Á öðrum vogum skulu vera:

 - auðkenni framleiðanda eða nafn hans,
 - hámarksgeta, táknuð með Max ...

Á þessum vogum skulu ekki vera límmiðarnir sem kveðið er á um í b-lið liðar 1.1.
3. **Tákn um takmarkaða notkun sem getið er um í 12. gr.**

Þetta tákn er gert úr hástafnum „M“, prentuðum í svörtum lit á ferhyrndan, rauðan bakgrunn, 25 mm × 25 mm að stærð hið minnsta, undir tveimur skálínum sem skerast og mynda kross.

V. VIÐAUKI

Hér að neðan eru tilgreind lágmarksskilyrði sem aðildarríkin skulu beita þegar tilnefndir eru aðilar sem sinna skulu verkefnum er lúta að málsmeðferðinni sem um getur í 8. gr.

1. Aðilarnir skulu hafa yfir að ráða nauðsynlegum búnaði og starfsmönnum.
2. Starfsmenn skulu búa yfir tæknilegri færni og faglegum heilindum.
3. Tilkynntir aðilar skulu, við prófanir, skýrslugerð, útgáfu vottorða og eftirlit samkvæmt þessari tilskipun, vera óháðir öllum samböndum, hópum eða einstaklingum sem hafa beina eða óbeina hagsmuni sem tengjast vogarbúnaði sem er ekki sjálfvirkur.
4. Starfsmenn skulu bundnir þagnarskyldu.
5. Ábyrgðartrygging skal vera fyrir hendi nema ríkið hafi þessa ábyrgð samkvæmt landslögum.

Aðildarríkin skulu kanna öðru hverju hvort skilyrðin í tveimur fyrstu undirliðunum eru uppfyllt.

VI. VIÐAUKI
